

daga. Sérstaklega mintist hann oft og sárt stundar þeirrar, er hann stóð fyrir utan húsdýrnar hjá foreldrum sínum og beið með að fara inn, þangað til faðir hans hefði lokið bænagerðinni. Og þá var það, að hann gat ekki stilt sig um að andvarpa : „Æ, að eg hefði gengið inn!“

Við eignum föður á himnum, sem kallar á okkur og biður okkur að koma til sín. Margan langar til þess að fara til hans, en hann kemur sér ekki að því. Hugsar sér að bíða með það. Hann skuli koma seinna. Á meðan lokkar heimurinn hann lengra og lengra burt. En tímar koma, að skemtun heimsins fullnægir ekki. Hann sér tækifæríð, sem hann hafði haft til þess að koma til guðs, en hirti ekki um þá. Nú finnur hann, hvað hann hefði þá átt að gera og andvarpar því eins og maðurinn í sögunni: „Æ, að eg hefði gengið inn!“ En veit ekki, að guð er einmitt með því að kalla á hann að koma og að dyrnar að guðs ríki standa honum opnar.

Ó! að ekkert okkar þurfi nokkurn tíma að segja, þegar um seinan er orðið og dyrnum er lokið: „Æ, að eg hefði gengið inn, á meðan eg hafði tækifæríð!“

MÓÐURLAUS.

Nýlega stóð miðaldrar maður fyrir rétti, kærður fyrir innbrotsþjófnað, og var fundinn sekur. Það átti að dæma hann til margra ára fangelsis-vistar. En áður en dómurinn var kveðinn upp yfir honum, bauð dómarinn honum að standa á fætur og segja til, ef hann hefði nokkuð fram að bera sér til málsbótar. Bandinginn stendur á fætur og segir:

„Eg hef aldrei átt móður, sem grátið hefur yfir mér.“

Allir í réttarsalnum, dómarinn líka, komust við af orðunum. Og þó svipur mannsins væri illmannlegur, kendu allir í brjósti um hann. Sjálfur komst hann við. Tárin hrundi niður eftir kinnunum á honum um leið og hann bætti við þessum orðum : „Ef eg hefði notið kærleika móður og tára hennar — ef einhver hefði verið til þess að tala um fyrir mér og biðja fyrir mér —, þá væri eg núna annar maður en eg er.“

Allir, sem hlustuðu á, könnuðust í hjarta sínu við sannleika orðanna. Og allir mintust hennar móður sinnar. Mintust áminninga hennar, nærgætni, bæna, og allar umönnunar og aðhjúkrunar. Mintust alls þess, er þeir höfðu henni upp að